

Nd. **400. Nefndarálit** [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á mörgum fundum. Hún kvaddi til ráðuneytis Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Indriða Þorláksson, Snorra Olsen og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Björn Ólafsson og Sturla Þorgilsson frá „Sigtúnshópnum“.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. des. 1987.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Geir H. Haarde,
fundaskr.

Kjartan Jóhannsson.

Matthías Bjarnason.

Guðmundur G. Þórarinnsson.